

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Önundarfirði



Dags eftirlits	10.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Ís 47 ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Fagraholti 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650603-3030	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Jón Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var skilað inn seint. 2) Útstreymisbókhaldi var skilað inn seint. 3) Grænu bókhaldi var skilað inn of seint. 4) Grænt bókhald var með ófullnægjandi upplýsingum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sjókvíaelði með laxfiskum. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 1.000 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
4. Eftirlitsmælingar og skráningar
5. Áætlanir og viðbrögð
6. Umgengni og aðkoma kvíar
7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
8. Fylgiskjöl

1. Fjögur frávík komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
3. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávík. Ársyfirlitinu var skilað inn 10. september 2025 og er frávíkinu því lokað. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávík. Því var skilað inn 10. september og er frávíkinu því lokað. Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það frávík, því var skilað inn 10. september 2025 og er frávíkinu lokað. Grænt bókhald var með ófullnægjandi upplýsingum, rangt ár stendur á því og ársframléiðsla er ekki skráð.

Heildarframléiðsla ársins 2024 var 71.685 kg og fóðurnotkun 86.559 kg. Engar útsetningar voru árið 2024.

4. Fosfórlausun fyrir árið 2024 reiknaðist út frá fóðri 9,4 kg P/tonn.
5. Tryggingarskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda var til staðar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun vegna tímabundna og varanlegrar rekstrarstöðvunar eru til staðar.
6. Farið var í skoðunarferð að kvíum. Enginn fóðurprammi var við eldissvæðið, fóðrað er frá vinnubátum þeirra daglega.
7. Efnageymsla er í landi og með lekabyttum.
8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir

þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Ársyfirliti var skilað 10. september 2025 og er frávikin því lokað.
gr. 4.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, því var skilað inn 10. september 2025 og er frávikin því lokað.
gr. 4.3 í starfsleyfi.	Umhverfisupplýsingum skilað með ófullnægjandi upplýsingum.
Reglugerð nr. 990, viðauki I, 7 b.	Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 10. september 2025 og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra gæðahandbókina í takt við eldi á laxfiskum.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram. Rekstraraðili var minntur á að samkvæmt gr. 3.2 í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfis- og orkustofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.10.2025

Auður Eyberg Helgadóttir